



Stjórn SSH 372. fundur

Mánudaginn 5. desember 2011 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Dagur B. Eggertsson, Guðrún Pálsdóttir, Guðný Ívarsdóttir og Pálmi Másson.

Guðmundur Rúnar Árnason boðaði forföll

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Evrópumál – sveitarstjórnarvettvangur EFTA og fyrirhugað seminar á höfuðborgarsvæðinu v. IPA og Taix umsókna

- a) Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga sat fundinn undir þessum lið.

AGB fór ítarlega yfir skipulag og starf sveitarstjórnarvettvangs EFTA og hvaða þýðingu þátttaka í þessum vettvangi hefur fyrir íslensk sveitarstjórarumhverfi. Gerð var sérstaklega grein fyrir haustfundi sveitarstjórnarvettvangsins 14. – 16. nóvember sl., en stjórnarformaður SSH sat þann fund.

AGB fór enn fremur yfir reglur og fyrirkomulag vegna IPA og Taix styrkja sem standa íslenskum sveitarfélögum til boða, og greindi frá fyrirhuguðu seminar á höfuðborgarsvæðinu í byrjun næsta árs til kynningar á þessum þáttum.

- b) Fyrir lá minnisblað með umsögn um erindi Önnu Margrétar Guðjónsdóttur o.fl. vegna mögulegrar þátttöku SSH í umsókn í rannsóknaráætlun ESB í samstarfi við „Græna orku“ (sbr. 1. dagskrárlið 370. stjórnarfundar)

Niðurstaða:

Stjórn tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögninni og telur að tími til undirbúnings sé of skammur. Stjórn telur engu að síður eðlilegt að skoða málið í tengslum við IPA umsókn um „Grænt höfuðborgarsvæði“ sem nú er í undirbúningi.

2. Heildarendurskoðun vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið.

Fyrir lágu niðurstöður og tillaga stýrihóps vegna undirbúnings að heildarendurskoðun vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið.

Eysteinn Haraldsson, fulltrúi Garðarbæjar í stýrihópnum sat fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir vinnu hópsins og þeirri tillögu sem hópurinn skilar af sér til SSH.

Umræður.



Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að leggja til við aðildarsveitarfélögin að sem fyrst verði hafist handa við heildarendurskoðun á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið í samræmi við tillögur stýrihópsins frá 25. nóvember 2011, og þeirri vinnu verði hraðað svo sem kostur er. Stjórnin leggur jafnframt til að verkefnið verði vistað hjá SSH í samræmi við tillögur stýrihópsins og að stýrihópnum verði falið að starfa áfram til að halda utan um verkefnið f.h. sveitarfélaganna.

3. Framtíðarhópur SSH

DBE, formaður Framtíðarhóps SSH gerði grein fyrir vinnu hópsins og stöðu verkefna.

4. Viðræðuhópur SSH vegna eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir lágu minnispunktar vegna fyrsta samningafundar með fulltrúum Vegagerðarinnar, innanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

GE fór yfir helstu efnisþætti og áherslur sem mótast hafa í vinnu hópsins og viðræðum við viðsemjendur.

5. Erindi Mosfellsbæjar vegna samræmingar á ákvæðum lögreglusamþykktar sveitarfélaganna.

Fyrir lá erindi Mosfellsbæjar dags. 22.11.2011 þar sem því er beint til stjórnar SSH að hún beiti sér fyrir því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinni að samræmingu á tilteknum ákvæðum í lögreglusamþykktum sveitarfélaganna.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að kalla eftir tilnefningu aðildarsveitarfélaganna í vinnuhóp vegna málsins. Framkvæmdastjóra falið að fylgja máli eftir.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:40